

# VERTU ELDKILÁR!



Mannvirkja  
stofnun



# Vissir þú að ...

## Eldavélin er algengasta ástæða bruna vegna heimilistækja

Sjöundi hver heimilisbruni verður vegna eldavéla.

## Eldavélabrunar eru óþarfir

Þeir verða oftast vegna gleymsku eða aðgæsluleysis.

## Þú tryggir þig með því að:

- Fara aldrei frá heitri hellu – eldavélabrunar verða oftast vegna potts sem gleymist.
- Halda hreinu – feiti sem ekki er þrífín af eldavél eða viftu getur valdið eldsvoða.
- Sýna varúð við djúpsteikingu – olía brennur ef hún ofhitnar. Hafðu mátulega mikið í pottinum. Ef olían byrjar að rjúka er hún of heit, taktu þá pottinn strax af hellunni.
- Muna að eldhúsið er ekki leikvöllur – börn kveikja á eldavélum.
- Reyna aðeins að slökkva viðráðanlegan eld – notaðu eldvarnarteppi og alls ekki vatn. Snertu ekki pottinn, hann brennir.
- Hafa reykskynjara með rafhlöðum í lagi – það getur bjargað lífi.
- Bregðast rétt við, ef eldur logar – lokaðu hurðum, forðaðu þér og hringdu í 112.



## Láttu þetta ekki henda þig ...

... ég var að steikja kjöt á pönnunni og ætlaði að lækka strauminn og láta malla. Síminn hringdi. Mamma vildi fara með strákana í Húsdýragarðinn og svo þurfti hún að tala um Betu frænku. Allt í einu fann ég mikla reykjarlykt og áttaði mig þá fyrst á að ég hafði gleymt að lækka hitann ...